

Ísótóparannsókn af hjarta með lyfjaáreynslu

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi hjartavöðvans. Rannsóknin er gerð í tvennu lagi þar sem bæði þarf að framkvæma hana í hvíld og eftir áreynslu. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki 2-3 klukkustundir í hvort sinn. Ef breyta þarf blóðþrýstingslyfjum fyrir rannsókn er það gert í samráði við starfsfólk ísótópastofu

Undirbúningur

- Fasta þarf á mat og drykk í a.m.k. 4 klukkustundir fyrir rannsóknina.
- Sólahring fyrir rannsókn og þar til báðum rannsóknum er lokið má ekki borða súkkulaði eða banana né neyta drykkja sem innihalda koffein eins og til dæmis kaffi, te, kóladyrki og kakó.
- Ef lyf eru tekin að staðaldri er æskilegt að taka þau eftir að rannsókn lýkur, því er mikilvægt að hafa lyfin meðferðis. Þetta á sérstaklega við ef rannsókn er gerð að morgni vegna föstu.
- Ráðlagt er að skilja skartgrip eftir heima.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á að bílastæðin næst spítalanum eru gjaldskyld.

Rannsóknardagur

Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni. Í myndatökunni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar skynja geislun frá líkamanum. Gott getur verið að hafa með sér afþreyingarefni.

Dagur 1: Lyfjaáreynslupróf og myndataka	Dagur 2: Hvíld og myndataka
<ul style="list-style-type: none">• Koma í þægilegum fötum.• Gert er áreynslupróf með lyfjagjöf og ísótópur gefinn í áreynslu.• Myndataka fer fram nokkru eftir áreynslu, eftir um 90 mín.• Rannsóknin tekur um 2-3 klukkustundir.	<ul style="list-style-type: none">• Hvíld á deild í 15-20 mínútur áður en ísótópur er gefinn í æð.• Myndataka fer fram nokkru síðar.• Rannsóknir tekur um 2-3 klukkustundir

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Þeim sem hafa fengið geislavirkt efni í æð er bent á að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir inngjöf efnis. Sérstök áhersla er lögð á að vera ekki í nánú samneyti við barnshafandi konur og forðast að hafa börn í fanginu þar sem börn eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvöllinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.
Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is